

12. janúar 2021



#### FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Félags- og barnamálaráðherra hefur skipað sérfræðingateymi sem skal vera sveitarfélögum til ráðgjafar um viðeigandi þjónustu við börn með alvarlegar þroska- og geðraskanir sem þurfa á annars konar og meiri þjónustu að halda en unnt er að veita á heimili fjölskyldna þeirra í samræmi við 20. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

#### Sérfræðingateymið skipa:

Guðrún Þorsteinsdóttir, sviðsstjóri hjá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Formaður.  
Guðrún Bryndís Guðmundsdóttir, yfirlæknir á Barna- og unglingsgeðdeild Landspítalans.  
Halldór Hauksson, sviðsstjóri meðferðar- og fóstursviðs hjá Barnaverndarstofu.  
Kristjana Gunnarsdóttir, skrifstofustjóri hjá velferðarsviði Reykjavíkurborgar.

#### Hlutverk teymisins er tvíþætt:

- Að veita sveitarfélögum ráðgjöf við mat á þjónustupörf og viðeigandi þjónustu, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 38/2018.
- Að leggja mat á hvort þjónusta við barn á heimili fjölskyldu þess eða öðru heimili í nærsamfélagi þess sé fullreynd og þörf sé fyrir vistun utan heimilis í sérsniðnu úrræði, skv. 20. og 21. gr. laga nr. 38/2018.

Áður en leitað er ráðgjafar sérfræðingateymis skal hafa verið gert heildstætt mat á þjónustupörf barns, sbr. 3. mgr. 31. gr., og einstaklingsbundin þjónustuáætlun, skv. 19. gr. laga nr. 38/2018. Jafnframt skal hafa verið veittur stuðningur í samræmi við þarfir barns, með það að markmiði að barn getið búið heima, þar með talin skammtímadvöl og/eða annar stuðningur sem fjallað er um 13.-19. gr. sömu laga.

#### Framkvæmd:

Sérfræðingateymið fær þjónustu eftir þörfum frá sérfræðingum á Barnaverndarstofu, sem jafnframt eru tengiliðir við sérfræðingateymið, halda utan um málaskrá og samskipti við sérfræðinga sveitarfélaganna vegna beiðna um ráðgjöf. Sveitarfélög sem óska eftir ráðgjöf teymisins fylla út meðfylgjandi umsóknareyðublað, sem einnig er hægt að nálgast á heimasíðu Barnaverndarstofu, og senda ásamt fylgigögnum í pósti til Barnaverndarstofu eða í gegnum Signet Transfer á netfangið: [teymi@bvs.is](mailto:teymi@bvs.is)

Ef óskað er frekari upplýsinga um starfsemi teymisins er hægt að hafa samband við tengiliði sem eru: Sandra G. Zarif, sálfræðingur hjá Barnaverndarstofu, [sandra.gudlaug.zarif@bvs.is](mailto:sandra.gudlaug.zarif@bvs.is). Ásdís S. Ásgeirsdóttir, lögfræðingur hjá Barnaverndarstofu, [asdis.sigridur.asgeirsdottir@bvs.is](mailto:asdis.sigridur.asgeirsdottir@bvs.is)

Teymið heldur reglulega samráðsfundi, fer yfir og leggur mat á innsend gögn, hefur samráð við og leitar eftir atvikum viðbótarupplýsinga hjá tilvísanda og sendir sveitarfélagi niðurstöður sínar og tillögur í leiðbeinandi greinargerð.

Gissur Pétursson

Fyrir hönd félags- og barnamálaráðherra:

Halldóra Dröfn Gunnarsdóttir